

# STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1997

---

Nr. 109

386

12. september 1997

## FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman  
miðvikudaginn 1. október 1997.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 1997.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört á Bessastöðum, 12. september 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

Nr. 110

20. júlí 1997

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 20. júlí 1997.*

F. h. r.  
**Guðmundur Arnason.**